

Stefnumótun í menningarmálum á Vesturlandi



**Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og
Atvinnuráðgjöf Vesturlands 2002**

Unnin af Atvinnuráðgjöf Vesturlands og hópi sveitarstjórnarfólks og menningarfrömuða sem tilnefnd hafa verið af sveitarfélögunum til þess að vinna að stefnumótun í menningarmálum fyrir Vesturland.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
1.1 Stefnumótun-Hvað er það?.....	4
1.2 Menningarstefna – heildstæð stefna í fjölþættum málaflokki.....	4
2. Heildarskipulag menningarmála á Vesturlandi.	6
Stefna.....	6
Markmið	6
Leiðir	6
A Verkefni og samstarf innan sveitarfélaganna.....	6
B. Myndað verði Menningarráð Vesturlands.	7
C. Stofnaður verði Menningarsjóður Vesturlands	7
3. Samstarf og samvinna svæða.....	9
Stefna.....	9
Markmið	9
Leiðir	9
4. Stefna í einstökum flokkum menningarmála.....	11
4.1 Saga, minjar og söfn.....	11
Stefna.....	11
Markmið.....	11
Leiðir.....	11
4.2 Sagnahefð (Storytelling).....	12
Stefna.....	12
Markmið.....	12
Um Storytelling.....	12
Leiðir.....	12
4.3 Hátíðir og viðburðir.....	13
Stefna.....	13
Markmið.....	13
Leiðir.....	13
4.3.1 Menningarhátíðir á Vesturlandi	13
4.4 Menningarmiðstöðvar	14
Stefna.....	14
Markmið.....	14
5. S V Ó T	15
Veikleiki	15
Styrkleiki.	15
Ógnun	15
Verkefni - Tækifæri.....	16

1. Inngangur

Í mars 1999 samþykkti Alþingi stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999 – 2001 en í þeirri áætlun m.a. lögð áhersla á að efla menningu á landsbyggðinni. Menntamálaráðherra leitaði til Byggðastofnunar og í framhaldinu var ákveðið að ráða til starfa sérstakan menningarráðgjafa landsbyggðarinnar auk þess sem óskað var eftir samstarfi við atvinnuþróunarfélögin í landinu.

Vesturland tók að sjálfsgöðu þátt í þessu starfi og var Hrefna B Jónsdóttir tengiliður verkefnisins við Byggðastofnun. Námskeið voru haldin um menningu sem atvinnugrein en boðið var upp á fyrirlestra á Byggðabrunni og sveitarstjórnarfólki, áhugafólki um menningu og starfsfólki safna og menningarsetra boðið upp á að vera með. Þann 14. febrúar 2000 skipaði menntamálaráðherra starfshóp um menningarmál á landsbyggðinni og var hópnum falið það hlutverk að fjalla um eflingu menningarlífs og á hvern hátt mætti auðvelda og fjölga heimsóknum listamanna til einstakra byggðarlaga. Í starfi sínu leitaði starfshópurinn víðtæks samráðs en hann boðaði til fundar í Reykholti 25. september 2000 og mætti þar hópur Vestlendinga til að ræða þessi mál.

Skýrsla starfshóps um menningarmál á landsbyggðinni var gefin út af menntamálaráðuneytinu í október 2000 Þar er m.a. fjallað um nauðsyn þess að sveitarfélög móti sér menningarstefnu í samvinnu við þær stofnanir, félagasamtök, einkaaðila og ríki. Hópurinn leggur m.a. til að:

Á grundvelli menningarstefnu verði fjárhagsgrunnur menningarstarfs í viðkomandi sveitarfélögum tryggður, m.a. með samningum við menntamálaráðuneyti.

Vitað var að Austfirðingar voru lagðir af stað í þessa vinnu og einnig hafði hið opinbera gert samning við Akureyrarbæ og vakti þessi vinna áhuga Vestlendinga auk þess sem Atvinnuráðgjöf Vesturlands fylgdist átekta með gangi mála. Þann 8. mars 2000 barst stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi beiðni frá Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit um stuðning vegna verkefnis um menningarsamstarf og aðstoð við stefnumótunarvinnu. Stjórn SSV tók málið fyrir og varð niðurstaðan sú að mótuð skyldi stefna í menningarmálum fyrir landshlutann allan.

Þann 5. apríl 2001 sendi SSV bréf til sveitarfélaganna á Vesturlandi þess efnis að farið yrði út í þessa vinnu fyrir allt Vesturland. Verkefnið var lagt þannig upp að aðeins yrði hafi vinna ef áhugi allra sveitarfélaganna yrði til staðar. Verkefninu var vel tekið og skipuðu sveitarfélögin fulltrúa sinn í starfshóp sem vann að tillögum fyrir Vesturland.

Sú vinna sem Austfirðingar höfðu unnið var höfð að leiðarljósi og ekki þótti ástæða til þess að breyta mikið út frá því sem þar var lagt til varðandi fyrirkomulag menningarráðs, menningarsjóðs og aðildar sveitarfélaganna og menningarfulltrúa að ráðinu og verkefna að sjóðnum. Var það niðurstaða Vestlendinga að þarna færi

hentugt skipulag sem ekki væri ástæða til að breyta þrátt fyrir talsverðar umræður um annað fyrirkomulag.

Þann 1. júní 2001 var verkefnið kynnt sveitarfélögunum. Farið var yfir aðdraganda þess og stöðu, skyldur sveitarfélaganna og væntanlegt framhald. Sá hópur sem mætti á fyrsta fundinn voru flestir áhugasamir sveitarstjórnarmenn og/eða starfsmenn sveitarfélaganna um menningarmál og með góða þekkingu á málaflokknum.

1.1 Stefnumótun-Hvað er það?

Með stefnumótun er átt við hvernig móta eigi framtíðarsýn og stefnu. Hvernig megi setja langtímamarkmið og hvaða leið skuli valin til að ná þeim markmiðum við breytilegar aðstæður. Stefnumótun auðveldar stjórnendum að sjá lengra fram í tímann. Stefna er valin og framkvæmd hennar mótuð til að ná tilætluðum árangri eða settum markmiðum. Stefnumótun er forsenda farsælla framkvæmda og því forsenda eflingar menningarstarfs til lengri tíma.

Í þessari stefnumótunarvinnu sveitarfélaganna á Vesturlandi er ekki farið út í nána útfærslu á málaflokkum og verkefnum. Hugmyndin er sú að Menningarráð Vesturlands, fái svigrúm til að móta þá stefnu sem hér er lögð nánar, í samvinnu við sveitarfélögin, fagfólk á sviði menningarmála og m.t.t. þeirra verkefna sem sækja um stuðning til Menningarsjóðs hverju sinni.

1.2 Menningarstefna – heildstæð stefna í fjölþættum málaflokki

Mikil viðhorfsbreyting hefur orðið gagnvart menningarmálum undanfarið. Viðurkennt er orðið að menning skipi orðið stærri sess í hugum fólks en áður og fjölbreytni atvinnulífs og afþreyingar ráði miklu t.d. þegar fólk stendur frammi fyrir því að velja sér búsetu. Menningarverkefni kalla á frjóa einstaklinga til starfa auk þess sem skilningur umhverfisins verður að vera til staðar.

Þegar litið er til baka má sjá að miklar breytingar hafa orðið á búsetu- og atvinnuháttum í heiminum. Hraði breytinganna hefur verið mikill og eru til kenningar um að í Evrópu verði 90% mannafla starfandi í þekkingariðnaði og þjónustu árið 2010. Frumvinnslugreinar eru á undanhaldi í hinum vestræna heimi og gildi menntunar stöðugt að verða þýðingarmeira. Á sama hátt eru til spár um það að umfang ferðaþjónustu eigi eftir að aukast gríðarlega og samhliða því muni eftirspurn eftir afþreyingu í formi t.d. menningarviðburða og safnaskoðunar einnig vaxa.

Þegar móta skal stefnu í menningarmálum með það fyrir augum að móta sérstakt skipulag fyrir þau og veita til þeirra fjármagni vaknar sú spurning fyrst hvaða málaflokka skuli telja til menningar. Til eru margar og misjafnar skilgreiningar eins og t.d. sú að allt það sem mannskepnan tekur sér fyrir hendur umfram frumþarfir sínar sé menning, og einnig að menning sé það sem aðgreinir manninn frá dýrunum.

Hvað sem slíkum skilgreiningum líður þá hefur orðið menning ákveðna þýðingu í hugum okkar sem tengist m.a. sögu og lífsháttum íslenskrar þjóðar. Búsetuhættir Íslendinga voru einstakir auk þess sem bókin og textinn hafa verið örlagavaldar í sögu

Þjóðarinnar. Ritmenning hennar gat af sér sögu og bókmenntaarf og hafa bókmenntir okkar skipað sérstakan sess á heimsvísu. Því eru bókmenntirnar, atvinnu- og búsetuhættir í gegnum aldirnar okkar menningararfur og hann getum við nýtt við frekari uppbyggingu á menningartengdi ferðaþjónustu og ýmsum áhuga- og afþreyingaverkefnum, svo dæmi séu tekin. Þá má ekki gleyma margvíslegri menningu samtímans sem er ýmist bundin við einstök héruð, þjóðleg eða alþjóðleg. Undir slíkt getur fallið margs konar menning sem tengist listum, tónlist, myndlist og ritlist. Einnig menning sem tengist atvinnuvegunum svo sem sjávarútvegi (sjómanna dagurinn) og landbúnaði (töðugjöld, göngur og réttir). Eins og sjá má er ógerningur að gera tæmandi lista yfir það hvað telst menning og erum við þá komin aftur á byrjunarreit, að í hugtakinu geti falist nánast öll viðleitni mannsins til að hafa ofan af fyrir sér. Mikilvægt er því að stefnumörkunin hafi víða skírskotun að þessu leyti og miði að því fyrst og fremst að auka verðmætasköpun í landsfjórðungnum og um leið að gera hann eftirsóknarverðari til búsetu jafnt sem tímabundinnar dvalar.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi uppbyggingu stefnumótunarinnar:

1. Heildarstefna fyrir menningarmál á Vesturlandi

Lýtur að heildarskipulagi og fjármálum og kveður m.a. á um:

- Hlutverk sveitarfélaganna
- Svæðaskiptingu
- Menningarráð
- Menningarsjóð
- Sérstaka stefnumörkun um samstarf menningarstofnana, félagasamtaka og sveitarfélaga.

2. Stefna í einstökum flokkum menningarmála

Viðfangsefninu skipt í þrjá eftirfarandi málaflokka og sérstök stefna mótuð í hverjum þeirra fyrir sig sem fellur inn í heildarstefnuna:

- Saga, minjar, söfn
- Sagnahefð (storytelling)
- Hátíðir, ýmsir viðburðir og verkefni.

3. SVÓT-greining:

- Veikleikar
- Styrkleiki
- Ógnun
- Tækifæri.

2. Heildarskipulag menningarmála á Vesturlandi.

Stefna

Sveitarfélögin á Vesturlandi stefna að því að auðga menningarstarfsemi á svæðinu og og leggja með því áherslu á að menning sé hluti af búsetuskilyrðum svæðisins. Stefnt er að því að líta á landshlutann allan sem heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs. Stefnt er að auknu samstarfi, samnýtingu starfskrafta og að efla traust. Stefnt er að því að sveitarfélögin veiti auknu fjármagni til málaflokksins og samningur náist við ríkið um aukið fjármagn til menningarmála.

Markmið

- Að veita auknu fjármagni til menningarmála á Vesturlandi.*
- Að tryggja metnaðarfullri starfsemi tekjugrundvöll til lengri tíma.*
- Að nýta vel það fjármagn sem lagt er til menningarmála.*
- Að leita eftir samstarfi sem víðast m.t.t. samnýtingu og fjölbreytni.*
- Að efla samstöðu innan landshlutans.*
- Að móta og mynda samstarfsvettvang.*
- Að koma menningarstarfi á Vesturlandi á framfæri.*

Leiðir

Sveitarstjórnir á Vesturlandi beiti sér fyrir eftirfarandi:

A Samstarfi innan sveitarfélaganna

Sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélagsins og gert verði ráð fyrir málaflökknum í fjárhagsáætlunum og öðrum áætlunum sem tengjast málaflökknum. **Sveitarfélögin beiti sér fyrir því að gerður verði rammasamningur á milli sveitarfélaganna á Vesturlandi og menntamálaráðuneytisins um menningarmál.** Áhersla verði lögð á að öll sveitarfélögin komi að samningnum og gengið verði til samninga við ráðuneytið sem fyrst. Gert verði ráð fyrir því að **fjármagnið skuli renna í menningarsjóð** sem úthlutað verði úr af menningarráði.

Mynduð verði fjögur samstarfssvæði um menningarmál á Vesturlandi:

- **Borgarfjarðarsýsla sunnan Skarðsheiðar.** Akraneskaupstaður, Innri Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur og Leirár- og Melashreppur.
- **Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar og Mýrasýsla.** Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Borgarbyggð.
- **Snæfellsnes, Snæfells- og Hnappadalssýsla.** Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.
- **Dalir,** Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.

Með tilliti til þessara samstarfssvæða verði:

- Samstarf skilgreint
- Lögð áhersla á sameignlega uppbyggingu menningarstarfsemi, t.d. leikstarfsemi, kórastarf, listmenntun og listuppeldi.
- Við úthlutun verði tekið tillit til jafnræðis svæðanna og heimamenn hafðir með í forgangsröðun þeirra verkefna sem fyrir liggja hverju sinni.

B. Myndað verði Menningarráð Vesturlands

Helsta starfssvið þess er að vera samstarfsvettvangur um menningarmál á Vesturlandi og fylgja eftir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið. Menningarráð verði skipað 5 fulltrúum. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi skipi í ráðið einn fulltrúa af hverju samstarfssvæði um menningarmál. Reynt verði að skipa þannig í ráðið að þar sitji fulltrúar úr hópi sveitarstjórnarmanna og fulltrúar af vettvangi lista- og menningarmála. Auk þess tilnefni Atvinnuráðgjöf Vesturlands einn fulltrúa. Ráðið úthlutar fjármagni úr Menningarsjóði til menningarverkefna.

Menningarráð Vesturlands standi að öflugu þróunarstarfi í menningarmálum. Tryggi fagleg vinnubrögð, hvetji til samstarfs, veiti metnaðarfullum verkefnum brautargengi. Verði andlit málaflokksins út á við í fjórðungnum og kynni verksvið sitt og verkefni menningarmála ötullega út á við sem og inn á við.

Starfsmaður Menningarráðs

Starfsmaður Menningarráðs skal starfa í tengslum við virkt menningarumhverfi. Sveitarfélögin og hið opinbera tryggi framlag til launa fyrir starfsmann menningarráðsins. Starfsmaður Menningarráðs skal hafa góða og víðtæka þekkingu á lista- og menningarmálum. Hann skal vinna að eflingu samstarfs innan samstarfssvæða og á milli þeirra. Vera tengiliður við þjóðmenningarstofnanir og vera faglegur ráðgjafi við menningarstarf í landshlutanum. Menningarráð skal koma sér saman um störf starfsmanns. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmann ráðsins þar sem fram kemur greinargóð starfslýsing sem byggir á skýrslu þessari og nánari útfærslu menningarráðs.

C. Stofnaður verði Menningarsjóður Vesturlands

Sjóðurinn fái fjármagn frá ríkinu samkvæmt menningarsamningi. Sjóðurinn verði í vörslu Menningarráðsins.

Tilgangur

Veita styrki til sérstakra menningarverkefna. Einnig verkefna sem stuðla að samstarfi innan landshlutans og verkefna sem hafa það hlutverk að kalla fram sérkenni svæðisins.

Við úthlutun úr sjóðnum skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar:

- Gæði verkefna
- Jafnræði samstarfssvæðanna
- Fjölbreytni menningarstarfs.

Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins, a.m.k. 50%. Auglýst verði eftir umsóknum eigi sjaldnar en árlega.

3. Samstarf og samvinna svæða.

Stefna

Stefnt skal að nánara samstarfi menningarstofnana, félagasamtaka og sveitarfélaga en nú er.

Markmið

Að efla samstöðu svæðanna og kynna menningarviðburði betur á milli svæða en nú er gert.

Að efla samkennd Vestlendinga í menningarmálum og stuðla að jákvæðri ímyndarsköpun.

Að auka samstarf og treysta starfsgrundvöll stofnana, áhugafólks og samtaka á sviði menningar.

Að auka aðkomu fyrirtækja og einstaklinga að menningarverkefnum.

Leiðir

- Ljóst er að meiri samvinna getur orðið á mörgum sviðum á Vesturlandi. Við hugmyndir um samvinnu getur komið upp ótti um að tapa því sem fyrir er og einnig getur verið um rótgróna fordóma að ræða. Með bættum samgöngum og jafn öflugri upplýsingatækni sem raunin er er lítið mál að hafa gott samband og samstarf milli svæðanna. Þar sem markvisst samstarf hefur náð að þroskast hefur það oftast en ekki eflt starfsemi og bætt þjónustu. Hættan á faglegru einangrun minnkar og sérfræðiþekking nýtist betur.
- Unnið verði skipulega að því að þróa samstarf svæðanna sem felst í skipulagningu og kynningu menningarviðburða á milli svæða. Vestlendingar verði meðvitaðir um framboð menningarviðburða á svæðinu öllu og sækji menningarviðburði í auknum mæli á milli svæða. Starfsmaður Menningarráðs sjái um að samræma kynningu fyrir svæðin og vinnu ötullega að kynningu viðburða fyrir Vesturland. Skipuleggja þarf vel þetta samstarf.
- Sveitarfélög leiti leiða til að efla fjölbreytni tónlistarnáms með því að efla samstarf tónlistarskólanna á svæðinu enn frekar, t.d. með því að samnýta kennara skólanna.
- Athygli almennings verði vakin á ýmiskonar listnámi t.d. með þemavikum sem geta tekið á ýmsum mismunandi listgreinum. Almennungi verði gefinn kostur á að vera virkir þátttakendur sem og njótendur.
- Nýbúum verði markvisst gefinn kostur á því að koma sínum sérmenninareinkennum á framfæri.
- Starfsfólk safna vinni markvisst að því að sameinast um sér Vestlensk verkefni. Unnið verði að því að kynna Vestlenskar bókmenntir, koma á framfæri Vestlenskum listamönnum, t.d. með sýningum og/eða viðburðum sem gætu gengið á milli svæða.

- Ráðgjöf standi þeim aðilum til boða sem hyggja á uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Stefnt verði að því að sérstaklega athygli fái viðkomustaðir sem veita aðgang að sýnilegri sögu, þjóðararfi og menningu Íslendinga á faglegan og viðunandi hátt.

4. Stefna í einstökum flokkum menningarmála

4.1 Saga, minjar og söfn

Stefna

Stefnt skal að metnaðarfullu samstarfi, jafnt innan Vesturlands sem utan, milli safna og listastofnana og við þjóðmenningarhús.

Stefnt skal að því að rannsóknir menningarminja muni eflast og þær gerðar sýnilegri.

Markmið

Að efla rannsóknir.

Að varðveisla menningarminja verði aukin og þær markvisst gerðar sýnilegri.

Að gera söguna sýnilegri.

Að halda áfram með Storytelling verkefnið. (Sjá nánar í kafla ?)

Að samstarf safna innan landshlutans aukist og þeim gert kleift að taka að sér aukin verkefni..

Að samstarf við þjóðmenningarstofnanir verði aukið og íbúum Vesturlands verði í auknum mæli gert kleift að hafa greiðari aðgang að listframboði þeirra.

Að gera söfnin sýnilegri og virkja unga fólkið inn í starfsemi þeirra.

Leiðir

- Fornleifaskráning fari fram í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og rannsóknir þeim tengdar verði auknar. Skráning og varðveisla menningarminja er mikilvæg undirstaða menningarstarfs og við uppbyggingu á menningatengdri ferðaþjónustu. Einnig er skráning menningarminja ein af forsendum skipulagsvinnu sveitarfélaganna.
- Markvisst verði unnið að því að gera söguna aðgengilegri fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn. Talsverðir möguleikar liggja í sögunni t.d. m.t.t. atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu. Skilgreina þarf menningarsögulegt gildi og sérkenni svæða sem auðveldar fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum að marka sér stefnu. Menningarráð hafi forgöngu um að vinna að þessu máli. Gert skal ráð fyrir því að Menningarsjóður geti komið að verkefninu.
- Söfnum verði gert kleift að sækja um fé til einstakra verkefna til Menningarráðsins. Mörg söfn hafa metnað og faglega burði til að taka að sér aukin verkefni. Til að gera þeim það kleift þarf að auka rekstrarfé safnanna.
- Auknu fé verði varið til endurbóta mannvirkja sem gegna menningarsögulegu hlutverki og hafa sögulegt gildi. Leita skal markvissra leiða að sveitarfélög og ríki hafi samvinnu um að verja auknu fé til endurbóta mannvirkja sem hafa sögulegt gildi og gegna

menningarhlutverki. Minjaverði Vesturlands verði falið að benda á og skilgreina slík verkefni.

- Svæðin vinni markvisst að því að auka samstarf starfsfólks menningarstofnana. Unnið verði markvisst að því að gefa íbúum Vesturlands kost á því að fá til sín listviðburði þjóðmenningarhúsanna sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

4.2 Sagnahefð (Storytelling)

Stefna

Stefnt er að því að Vesturland verði eitt merkasta og sýnilegasta sagnasvæði landsins.

Markmið

Að halda áfram að vinna að „Storytelling” verkefninu sem hefur verið markvisst unnið að á Vesturlandi síðan árið 2000.

Að finna, virkja, hvetja, mennta og fræða sagnafólk.

Að Sagnamiðstöð Íslands rísi í Reykholti.

Að standa fyrir alþjóðlegum sagnahátíðum.

Að nýta sögur og sagnir m.t.t. menningartengdrar ferðaþjónustu.

Að sagan verði gerð sýnilegri um allt Vesturland.

Að sagan verði í auknum mæli tengd rannsóknum og niðurstöðum menningarminja.

Um Storytelling.

Í upphafi ársins 2002 lauk Evrópuverkefninu „Storytelling Renaissance” (endurreisn sagnahefðar). 18 mánaða nýsköpunarverkefni sem stutt er af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnisstjórn hefur verið í höndum Rögnvaldar Guðmundssonar hjá „Rannsóknunum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar” og hefur þetta verkefni verið unnið á Vesturlandi.

Leiðir

- Starfsmaður verði ráðinn til verkefnisins. Starfssvið hans verði að sjá um að haldin verði sagnakvöld á svæðinu. Sjái um tengsl við ferðaþjónustuaðila og verði þeim innanhandar við leit að sagnafólki. Sjái um að sagnanámskeið verði haldin fyrir verðandi sagnamenn auk þess að sjá um að kynna verkefnið vítt og breytt. Starfsmanni verði m.a. falið að koma fræðslu til grunnskóla á Vesturlandi. Haldin verði námskeið sem enda með sagnahátíð og lögð verði áhersla á aðkomu fullorðinna að þeim.
- Haldin var sagnahátíð Snorra í Reykholti í sumarlok 2002. Sagnahátíðir verði árviss viðburður á Vesturlandi.
- Safna sögum sem tengjast Vesturlandi og bæta þeim í og viðhalda þeim Sagnabrunni sem nú þegar hefur myndast en um 600 sögum úr skriflegum heimildum hefur verið safnað og aðstoða sveitarfélög og einstaklinga við að gera söguna sýnilegri, t.d. með söguskiltum.

4.3 Hátíðir og viðburðir

Stefna

Stefnt skal að því að efla þær menningarhátíðir sem haldnar eru á Vesturlandi og gera heimamönnum kleift að geta sótt fjármagn til Menningarsjóðs Vesturlands til metnaðarfullra verkefna og viðburða.

Markmið

Að efla markvisst þær hátíðir sem haldnar eru á Vesturlandi.

Að auka fjölbreytni og gæði menningarstarfs.

Að stuðla að listuppeldi ungs fólks.

Að gera Vesturland fýsilegra til búsetu fyrir fræðimenn.

Leiðir

- Lagt er til að þær hátíðir sem sveitarfélögin standa fyrir verði eflar og lögð skal áhersla á að draga fram sögu svæðanna og sérkenni. Lögð skal áhersla á að efla alþjóðlegt samstarf tengt þessum hátíðum og virkja vinabæjarsamstarf enn frekar. Þessar hátíðir kalla á brottflutta heimamenn í heimsókn og efla mjög sjálfsvitund heimamanna.
- Nauðsynlegt er að styðja við metnaðarfulla starfsemi sem er heimamönnum og gestum þeirra til farsældar, eins og kórastarfsemi, leikstarfsemi, hljómsveitastarfsemi og sagnahefð. Á landsbyggðinni skapast oft afar þýðingarmikill vettvangur innan þessarar starfsemi sem eflir félagsstarf og samgang fólks á milli svæða á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Lagt er til að sveitarfélög veiti listamönnum viðurkenningu fyrir störf að sinni listgrein, t.d. á grunni samstarfssvæða um menningarmál eða ein og sér. Leitað verði leiða til að efna til starfslauna bæjarlistamanna þar sem það á við.
- Leitað skal leiða til að efla menningarstarf ungs fólks og koma á viðburðum og/eða verkefnum sem sérstaklega eru til þess fallin að efla vitund þeirra um menningu og gildi hennar.
- Lagt er til að Menningarráð og sveitarfélögin vinni markvisst að því að kanna hvernig gera megi Vesturland fýsilegra til búsetu fyrir fræða- og listafólk og hugað verði t.d. að aðstöðusköpun fyrir þessa hópa.

4.3.1 Menningarhátíðir á Vesturlandi

- Írskir dagar á Akranesi.
- Borgfirðingahátíð í Borgarfirði.
- Eiríksstaðahátíð í Dölum.
- Danskir dagar í Stykkishólmi.
- Á góðri stund í Grundarfirði.
- Færeyskir dagar í Snæfellsbæ
- Reykholtshátíð.

4.4 Menningarmiðstöðvar

Stefna

Stefnt er að því að á Vesturlandi verði til staðar fjölbreytt aðstaða til að iðka, njóta og miðla menningu af fjölbreyttu tagi.

Markmið

- Að styrkja stoðir menningarhúsastarfsemi.
- Að bæta aðgengi Vestlendinga að menningarstarfi.
- Að auka framboð á menningartengdri afþreyingu.
- Að bæta aðgengi heimamanna og ferðamanna að menningararfleifð Vesturlands.
- Að styðja við undirbúningsvinnu að stofnun menningarhúsa.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir að eitt hinna svokölluðu menningarhúsa verði staðsett á Vesturlandi og því hefur ekki verið farin sú leið að skilgreina eitt sérstakt menningarhús fyrir svæðið í heild eða innan samstarfssvæða.

Unnið er að nokkrum hugmyndum að miðstöðvum á Vesturlandi sem hýsa munu menningarstarfsemi. Gríðarlegur áhugi er orðinn á þessu sviði og þykir því ástæða til að innan menningarsamningsins verði kveðið á um forsendur fyrir menningarhúsum. Húsin koma til með að nýtast bæði heimamönnum í sínu menningarstarfi, þau efla menningartengda ferðapjónustu og skapa atvinnu í heimabyggð sem er gríðarlegt hagsmunamál landsbyggðarinnar.

5. S V Ó T

Veikleiki

Lítill samvinna og skortur á samstöðu.

Vantar samstöðu- sameiningarafl.

Hrepparígur.

Starfsfólk í þessum geira vinnur oft dreift.

Einyrkjastörf.

Tengsl þjóðmenningarstofnana við landsbyggðina of lítil.

Fjármagnsskortur.

Lítið úthald frumkvöðla/heimamanna vegna fjárskorts.

Lista- og margvíslegt menningarnám verður að sækja til höfuðborgarsvæðisins.

Vöntun á námskeiðum tengdum listgreinum.

Skortur á skilningi og uppfærðslu á menningarstarfsemi og gildi hennar.

Skortur á starfsaðstöðu.

Skortur á vinnuástöðu fyrir listamenn og skortur á tekjumöguleikum og verkefnum í samfélaginu til þess að aðstaðan nýtist.

Sveitarfélög vanmáttug fjárhagslega.

Skilningur yfirvalda á aðstæðum dreifbýlis litill.

Vantar tengingu á milli atvinnulífs og menningar.

Vantar víða frumkvæði heimamanna.

Erfitt að ná athygli fjölmiðla.

Styrkleiki.

Öflugt tónlistarstarf.

Góð söfn sem hafa oft á að skipa vel menntuðu og góðu fagfólki.

Auðugt sagnasvæði.

Mikið til af merkjum munum sem varðveita okkar þjóðararf.

Athyglisverðar menningarminjar til sem eftir á að vinna úr.

Vel menntað fólk á lista- og menningarsviði býr á Vesturlandi.

Hátt hlutfall íbúa tengjast menningarstarfi með einhverjum hætti.

Bættar samgöngur, vegir víða orðnir eða að verða nokkuð góðir.

Öflugir tónlistarskólar.

Mikil náttúrufergurð sem tengist menningu og sérstöðu svæðisins.

Bæjarhátíðir.

Menningarhátíðir.

Vaxandi skilningur sveitarstjórnarfólks og vaxandi samstarf milli sveitarfélaga.

Menningarstofnanir.

Jarðsaga Vesturlands sérstök.

Ógnun

Slæmir vegir.

Sveitarfélögin of litlar einingar.

Hrepparígur.

Verkefni - Tækifæri

Menningarsamningur við hið opinbera.

Menningarráð.

Menningarsjóður.

Akademískt umhverfi að myndast.

Virkara samstarf þjóðmenningarstofnana við landsbyggðina.

Vinna meira og betur með menningarlega sérstöðu Vesturlands.

Vinna markvisst að jákvæðri ímyndarsköpun. (kynningu)

Verndun menningarmínja, kynningu þeirra og aðgengi almennings að þeim.

Fá friðuðum húsum hlutverk t.d. með atvinnustarfsemi.

Fjarvinnsla.

Uppbygging fræðasetra.

Merkja sögustaði.

Efla aðstöðu til menningarstarfsemi, t.d. með menningarhúsum og finna þeim rekstrargrundvöll.

Efla möguleika til listnáms.

Sveitarfélögin ráði til sín menningarfulltrúa.

Menningartengd ferðaþjónusta.

Meiri áhersla á listsköpun og listuppeldi almennt í skólakerfinu.

Vinna að því að Vestlendingar sækji menningarviðburði á milli svæða.

Auka hreyfanleika menningarviðburða milli svæða og samnýta utanaðkomandi listamenn.

Sveitarfélögin viðurkenni menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins.

Sveitarfélögin geri ráð fyrir málaflökknum í fjárhagsáætlunum sínum.

Efla samstarf safna og tengja þau starfsemi utan þeirra hefðbundna ramma.

Efla bæjar- og menningarhátíðir.

Sagnalistin – Storytelling.

Sagnahátíð verði árviss viðburður á Vesturlandi og sú fyrsta verði haldin í Reykholti árið 2002.

Flétta menningu nýbúa inn í íslenskt samfélag.

Skilgreina menningarsögulegt gildi svæðanna á Vesturlandi svo auðvelda megi fyrirtækjum og/eða einstaklingum að marka sér stefnu út frá því.

Koma á samstarfi menningarfulltrúa.

Aukið alþjóðasamstarf.

Leifssetur í Búðardal.

Egilsstofa í Borgarnesi.

Koma jarðsögu Vesturlands á framfæri.

Efla tengsl við fjölmiðla.

